

85

11. gr.

Hann sjer um jarðarför holdsveikra manna, þeirra er deyja á spítalanum og tilkynnir hlutaðeigendum látið.

12. gr.

Ef einhver sjúklingur á spítalanum óskar sjer prestsþjónustu, lætur ráðsmaður sækja prest spítalans. Nú vill holdsveikur maður í spítalanum ráðstafa eigum sínum, skal þá ráðsmaður, ef unnt er, sjá um, að það sje gert skriflega og í læknisviðurvist.

13. gr.

Með 6—sex mánaða — fyrirvara getur spítalastjórninsagt ráðsmanninum upp vistinni, eða hann sagt sig úr henni.

14. gr.

Ráðsmanni ber að setta sig við breytingar, er gjörðar kunna að verða á þessu erindisbrjefi eða viðbætur við það.

Reykjavík, 10. septbr. 1898.

Landshöfðinginn yfir Íslandi

Magnús Stephensen.

Jón Magnússon.

86

Erindisbrjef

handa ráðskonu holdsveikraspítalans í Laugarnesi.

1. gr.

Hún tekur við öllum vistum, sem ráðsmaður kaupir handa spítalanum, vegur þær eða mælir og lætur ráðsmanni í tje viðtökuskírteini.

2. gr.

Hún gerir mat dag hvern handa hinum holdsveiku og þjónum spítalans eptir matskrá þeirri, er hún fær frá ráðsmanni deginum áður; henni ber að hafa matinn til algerðan, útveginn og mældan handa hinum holdsveiku, á hinum tilteknu matmálstímum.

3. gr.

Hún sér um að eldhús og matbúr spítalans sjeu jafnan vel þrifuð.

4. gr.

Hún skal gæta alls sparnaðar að því er mat og matvæli snertir; allar matleyfar skal hún geyma á tilteknum stað og ekki má hún fleygja eða farga neinu matartagis öðruvísi en eptir skipun ráðsmannsins.

5. gr.

86

Hún má ekki fara af heimilinu án vitundar ráðsmannsins.

6. gr.

Hún ræður eldastúlkur spítalans og segir þeim upp vistinni.

7. gr.

Henni ber að sætta sig við breytingar, sem gerðar kunna að verða á þessu erindisbrjefi eða viðbætur við það.

8. gr.

Spítalastjórnin getur vikið henni frá með 6 mánaða fyrirvara, hún getur og sagt af sjer starfi sínu með sama fyrirvara.

Reykjavík, 10. septbr. 1898.

Landshöfðinginn yfir Íslandi.

Magnús Stephensen.

Jón Magnússon.

Erindisbrjef

87

handa gjaldkera og reikningshaldara holdsveikraspítalans í Laugarnesi.

1. gr.

Hann setur veð það, sem af honum er heimtað.

2. gr.

Hann hefir á hendi alla reikningsfærslu spítalans, inn- og útborganir. Bókfærslu sinni og reikningsfærslu skal hann haga eftir því, sem yfirstjórnin segir fyrir.

3. gr.

Hann tekur við öllum tekjum spítalans, og gætir þess, að hafa ávalt svo mikið fje í höndum, að hann geti tafarlaust galdið aðvifandi skuldareikninga spítalans. Hann semur í byrjun hvers mánaðar lauslega áætlun um tekjur og útgjöld spítalans; samkvæmt þessari áætlun útvegur yfirumsjónarmaður honum ávísun landshöfðingja til þess að fá peninga úr landssjóði fyrir þann hinn sama mánuð; komist gjaldkeri í fjeþröng síðar í mánuðinum, semur hann yfirlit yfir orðin og væntanleg útgjöld fyrir þann mánuð, sendir yfirumsjónarmanni og fær þá nýja ávísun.

4. gr.

Gjaldkeri skal borga þá reikninga eina, sem ráðsmaður og yfirumsjónar-